

Byggðasafn Dalamanna

Ársskýrsla 2019



Heinaberg á Skarðsströnd – sögurölt sumarið 2019



Efnisyfirlit

| | |
|---|----------|
| Stjórnsýsla | 2 |
| <i>Stjórn safnsins</i> | 2 |
| <i>Starfsfólk og sjálfboðaliðar</i> | 2 |
| <i>Stofnskrá og stefnumörkun</i> | 2 |
| Safnkostur | 2 |
| <i>Afhendingar 2019.....</i> | 3 |
| Munir | 3 |
| Ljósmyndir..... | 3 |
| <i>Skráningar</i> | 3 |
| Miðlun | 3 |
| <i>Opnunartímar.....</i> | 4 |
| <i>Aðsókn.....</i> | 4 |
| <i>Viðburðir.....</i> | 4 |
| Dalir 1918..... | 4 |
| Hversdagssögur úr Miðdölum..... | 4 |
| Leir-Gugga..... | 4 |
| Ungmennafélagsandinn | 4 |
| Gautsdalur..... | 5 |
| Bjarnastaðir..... | 5 |
| Víðidalsá og Bugastaðir við Steingrímsfjörð | 5 |
| Heinaberg á Skarðsströnd..... | 5 |
| Staður í Steingrímsfirði | 5 |
| Skerðingsstaðir í Hvammssveit | 5 |
| Broddanes við Kollafjörð..... | 5 |
| Neðri-Hundadalur í Miðdölum..... | 6 |
| Kýrhamar við Bitrufjörð | 6 |
| Gilsfjarðarbrekka í Gilsfirði..... | 6 |
| Síðustu opnunardagar á Laugum | 6 |
| <i>Annað</i> | 6 |
| Rannsóknir og þekkingaöflun..... | 6 |
| Húsnæði | 7 |
| Annað | 7 |
| Ársreikningur 2019 | 8 |



Stjórnsýsla

Stjórn safnsins

Meningarmálanefnd Dalabyggðar fer með málefni Byggðasafns Dalamanna. Nefndina skipa formaður Þórgímur Einar Guðbjartsson bóndi á Erpsstöðum, Hlöðver Ingi Gunnarsson skólastjóri Auðarskóla og Sigrún Hanna Sigurðardóttir bóndi á Lyngbrekku. Varamenn eru Einar Jón Geirsson kennari Búðardal, Gyða Lúðvíksdóttir bóndi Brautarholti og Ólafur Skagfjörð Gunnarsson bóndi Þurranesi. Menningarmálanefnd fundaði fimm sinnum á árinu.

Starfsfólk og sjálfboðaliðar

Safnvörður í 55% starfshlutfalli er Valdís Einarsdóttir safnastjóri Dalabyggðar. Safnastjóri er jafnframt í 30% starfshlutfalli sem héraðsskjalavörður hjá Héraðsskjalasafni Dalasýslu og 15% starfshlutfall hjá sveitarfélaginu Dalabyggð sem persónuverndarfulltrúi ofl.

Um eftirlit og minna viðhald sá Viðar Þór Ólafsson verkstjóri Dalabyggðar.

Sumarstarfsmaður í hlutastarfi var Sigríður Ósk Jónsdóttir. Svanborg Þuríður Einarsdóttir skannaði síðan inn fjölda mynda fyrir safnið. Sem fyrri ár var Arndís Erla Ólafsdóttir í Ásgarði safninu innan handar um margt og mikið.

Stofnskrá og stefnumörkun

Byggðasafn Dalamanna starfar samkvæmt safnastefnu 2013-2017. Markvisst er unnið eftir safnastefnu og öðrum stefnum safnsins. Á árinu 2018 var áætlað að endurskoða stefnumörkun safnsins til næstu fimm ára, en vegna óvæntra atvika komst aldrei skriður á það verk. Ákveðið hefur verið að fresta frekari vinnu við stefnumörkun og annarri áætlanagerð til lengri tíma þar til ljóst verður hvert framtíðarhúsnæði safnsins verður.

Safnkostur

Byggðasafn Dalamanna safnar munum, ljósmyndum og heimildum sem að gera sögu mannlífs og náttúru í Dölum skil. Söfnunarsvæði Byggðasafns Dalamanna er fyrst og fremst Dalasýsla og Skógarströnd. Héraðsskjalasafn Dalasýslu tekur við skjölum og Listasafn Dalasýslu við listmunum tengdum héraðinu.

Söfnunarflokkar eru heimilishald, atvinnuhættir, heimilisiðnaður, handverk, samgöngur, félagslíf, skólalald, kirkjumunir, trúarsöfnuðir og náttúruminjar. Vegna skorts á geymslurými er lögð áhersla á söfnun ljósmynda og heimilda frá síðari hluta 20. aldar í stað umfangsmikillar munasöfnunar.

Safnað er munum, ljósmyndum og heimildum sem tilheyra heimilishaldi og daglegu lífi á starfsvæði safnsins frá torfbæjum til nútímans. Varðandi atvinnuhætti er lögð áhersla á landbúnað fyrir vélvæðingu, hlunnindanýtingu, sjávarnytjar, eyjabúskap, iðnað og upphaf verslunar í héraðinu. Sérstök áhersla er lögð á söfnun tengda heimilisiðnaði og handverki úr héraðinu. Þá er og safnað er tækjum og tólum sem því tengjast. Safnið á nokkuð af munum tengdum póst- og símaminjum. Varðandi félagslíf er áhersla lögð á íþrótt- og æskulýðsfélög. Skólalald er mikilvægur söfnunarflokkur og safnað er munum frá farskólunum, Búnaðarskólanum í Ólafsdal, Lýðskólunum í Hjarðarholti og Búðardal, Húsmæðraskólanum á Staðarfelli og Laugaskóla. Úr öðrum skólum er meiri áhersla lögð á söfnun



Ljósmynda og heimilda. Á safninu er nokkuð af kirkjumunum, en einnig er safnað ljósmyndum og munum tengdum starfsemi Hjálpræðishersins í Dölum.

Afhendingar 2019

Í aðfangabók eru skráðar 6 afhendingar muna og 6 afhendingar ljósmynda.

Munir

2019-1 Jón Jóel Benediktsson. Skósmíðaáhöld.

2019-2 Baldvin Guðmundsson. Ýmsir munir.

2019-3 Guðbjörg Margrét Jónsdóttir. Ýmsir munir

2019-4 Hugrún Otkatla Hjartardóttir og Jörundur Hákonarson. Ýmsir munir.

2019-5 Sýslumaður Dalasýslu. Ýmsir munir af skrifstofu sýslumanns.

2019-6 Halldór Þorgils Þórðarson. Peli og staup Jófríðar Einarsdóttur ljósmóðir á Breiðabólstað. er hún skenkti mæðrum úr eftir fæðingu.

Ljósmyndir

2019-1 Sýslumaður Dalasýslu. Ljósmyndir og teikningar af sýslumönnum Dalasýslu.

2019-2 Leó Svanur Ágústsson. Myndir frá Leikskálum í Haukadal 1953-1954

2019-3 Gylfi Hallgrímsson. Ljósmyndir úr fórum Hallgríms Jónssonar frá afmæli Einars Þorkelssonar á Hróðnýjarsstöðum.

2019-4 Hugrún Otkatla Hjartardóttir. Ýmsar eldri ljósmyndir af Hörðdælingum og Skógstrendingum.

2019-5 Kristjana Guðmundsdóttir. Fjórar ljósmyndir úr fórum Kristjönu Guðmundsdóttur af Dalamönnum.

2019-6 Leifur Magnússon. Myndir af foreldrum Leifs og bænum á Kjarlaksstöðum.

Skráningar

Grunnskráðar voru 515 ljósmyndir og 4 munir í Sarp á árinu. Einnig var bætt við ljósmyndum af áður skráðum munum (63) og ítarupplýsingum. Í árslok voru alls skráðir munir í Sarp 2158 og 3049 ljósmyndir. Forvinna að skráningu nokkurs magns muna og ljósmynda er langt komin, eina sem vantar er tími til að ljúka því verki. Því miður er ekki til nákvæm skrá yfir fjölda óskráðra muna í Sarpi, en áætlað er að það séu um 300 munir og 1000 ljósmyndir. Stór hluti þeirra kemur úr stórum afhendingum í geymslum og eftir er að yfirfara betur. Stefnt er að vinna upp þennan þennan slóða samhliða flutningi á safninu.

Miðlun

Engar stærri breytingar urðu á sýningum safnsins á árinu. Settar voru upp á safninu tímabundnar örsýningar í tengslum við norræna skjaladaginn og sögustundir. Örsýningar voru á Héraðsbókasafni Dalasýslu og Auðarskóla.

Miðlun á ljósmyndasafni fer að mestu í gegnum Sarp og sameiginlegri Facebook-síðu Byggðasafns Dalamanna og Héraðsskjalasafns Dalasýslu. Þar eru og birtar örsögur, kveðskapur, viðburðir og annað smálegt tengt sögu og mannlífi í Dölum. Heimasíða safnsins er hluti af vefsíðu sveitarfélagsins



Dalabyggðar, en þar eru ekki mikilir möguleikar á uppsetningum og er sú síða því lítið notuð nema fyrir grunnupplýsingar.

Nokkuð af munum eru í láni hjá Sauðfjársetri á Ströndum vegna sýningar um börn í sveit.

Opnunartímar

Byggðasafn Dalamanna var opið daglega frá 1. júní til 31. ágúst, kl. 10-16. Utan þess tíma var opið eftir samkomulagi eins og fyrri ár. Ekki er grundvöllur fyrir lengri opnunartíma miðað við aðstöðu á safninu.

Aðsókn

Alls voru skráðir 999 gestir á safnið og viðburði á þess vegum; 904 (90,5%) fullorðnir og 95 (9,5%) börn. Erlendir ferðamenn voru 28 (3,0%). Tveir skólahópar kom á árinu, alls 35 börn. Þá komu 144 fálkaskátar á safnið í tengslum við fálkaskátamóta á Laugum. Lítið er um skipulagða erlenda ferðahópa í Dölum og enginn þeirra kom á safnið. En meðal sjálfstæðra innlendra ferðahópa kom einn hópur eldri borgara og 2. október var tekið á móti hópi safnamanna á leið í farskóla.

Viðburðir

Frá haustmánuðum 2014 hefur Byggðasafn Dalamanna í samstarfi við Héraðsskjalasafn Dalasýslu staðið fyrir sögustundum yfir vetrarmánuðina. Þar eru sagðar sögur og fróðleikur úr héraði, náttúruvísindi og annað áhugavert sem til fellur. Er dagskrá sögustunda fyrst og fremst sniðin að nærsamfélaginu, en allir áhugasamir eru velkomnir. Reynt er að hafa svigrúm til spurninga og umræðna um efnið og annað það sem gestir vilja ræða yfir kaffibolla.

Kvöldgöngur hófust sumarið 2017 og voru einnig sniðnar að nærsamfélaginu, þó allir væru að sjálfsgöngu velkomnir. Sumarið 2018 varð til sögurölt í samvinnu við Sauðfjársetur á Ströndum. Meiri áhersla er lögð á sögur og minni á göngurnar. Til skiptis er gengið á Ströndum, í Dölum og einnig Reykhólahreppi. Þátttaka í söguröltinu fór fram úr björtustu vonum safnanna.

Dalir 1918

Þann 12. janúar var endurtekin sögustundin Dalir 2018. Til umfjöllunar var mannlíf í Dölum árið 1918 í samhengi við það samfélag sem þá var. Sagt var frá helstu viðburðum í héraðinu og reynt var að velta fyrir sér ýmsum flötum daglegs lífs; hverjir bjuggu hér, fjölskyldur, atvinna, búskaparhættir, veðurfar, húsakostur, heimilishald, leikir og störf barna og hvað eina sem heimildir buðu uppá.

Hversdagssögur úr Miðdölum

Sögustund var í gamla bænum á Sauðafelli í samvinnu við Sauðafellsbændur sunnudaginn 10. mars. Sagt var frá daglegu lífi og starfi Miðdælinga fyrr á tímum.

Leir-Gugga

Guðbjörg Björnsdóttir leirlistarkona sagði frá rannsóknnum sínum og tilraunum með Dalaleirinn laugardaginn 6. apríl. Meðal annars frá ferð sinni til Þýskalands sumarið 2017 og starfsnámi í postulínsverksmiðjunni Wagner & Apel í Lippelsdorf.

Ungmennafélagsandinn

Laugardaginn 13. apríl voru skjalasöfn Ungmennasambands Dalamanna og Norður-Breiðfirðinga og aðildarféлага þess í vörslu Héraðsskjalasafns Dalasýslu til sýnis. Hluti af dagskrá safnanna tengdri 100 ára afmælis sambandsins.



Gautsdalur

Sögurölt í Gautsdal í Geiradal miðvikudaginn 19. júní undir leiðsögn Karls Kristjánssonar bónda á Kambi. Skoðaðar voru tóftir af bænhúsi, leifar af gamalli heimarafstöð (túrbínan er varðveitt og til sýnis á Byggðasafni Dalamanna), forn skilarétt Geirdælinga, Réttarfoss í Gautsdalsá.

Bjarnastaðir

miðvikudaginn 26. júní var farið um Bjarnastaði í Saurbæ undir leiðsögn Guðmundar Gunnarssonar bónda á Kjarlaksvöllum. Bjarnastaðir eru landnámsjörð Sléttu-Bjarna. Skoðaðar voru friðlýstar hofrústir, dys Bjarna og sagðar sögur.

Víðidalsá og Bugastaðir við Steingrímsfjörð

Þriðjudagskvöldið 2. júlí verður farið í vikulegt sögurölt sem Sauðfjársetur á Ströndum og Byggðasafn Dalamanna standa fyrir í sumar.

Að þessu sinni verður gengið við bæinn Víðidalsá við Steingrímsfjörð á Ströndum, sagðar sögur og skoðaðar minjar, náttthagi, dys og eyðibýlið Bugastaðir sem fór í eyði snemma á öldum. Sögumaður er Jón Jónsson þjóðfræðingur.

Heinaberg á Skarðsströnd

Næsta sögurölt Sauðfjárseturs á Ströndum og Byggðasafns Dalamanna verður þriðjudaginn 9. júlí kl. 19:30 frá bæjarhlaðinu á Heinabergi. Þar verður rölt um jörðina, lífið í fjörunni kannað, stuðlaberg og annað það sem náttúran býður uppá það kvöldið. Þá verða sagðar sögur af kvenskörungum, bardögum, harðindum, búvísindum, sauðabjófum og öðru markverðu og minna markverðu sem tengist sögu Heinabergs. Leiðsögn er í höndum Höllu Sigríðar Steinólfsdóttur bónda í Ytri-Fagradal og Valdísar Einarsdóttur héraðsskjalavarðar. Strandamenn, Dalamenn, íbúar Reykhólahrepps og aðrir gestir eru velkomnir í sögurölt með okkur. Engin önnur fjárútlát en að koma sér á staðinn.

Staður í Steingrímsfirði

Fimmtudaginn 18. júlí kl. 19:30 verður vikulegt Sögurölt á dagskránni, en Byggðasafn Dalamanna og Sauðfjársetur á Ströndum standa fyrir þeim viðburðum í samvinnu við fleiri.

Nú verður gengið um holt og hæðir við Stað í Steingrímsfirði, auk þess sem kirkjugarðurinn og Staðarkirkja verða skoðuð. Yfirdrifið er af sögum og sögnum sem tengjast bænum og kirkjunni. Mæting er heima á Stað.

Skerðingsstaðir í Hvammssveit

Þriðjudaginn 23. Júlí var gengið um Skerðingsstaði í Hvammssveit undir leiðsögn Jóns Egils Jóhannssonar bónda þar. Farið var á Krosshólaborg, skoðaðir aftökustaðir, útburðarsögur og búskaparsaga jarðarinnar. Gamla íbúðarhúsið á Skerðingsstöðum er talið elsta hús sýslunnar og stóð það áður í Arnarbæli á Fellsströnd og í Hvammi í Hvammssveit.

Broddanes við Kollafjörð

Miðvikudaginn 31. júlí var gengið um Broddanes við sunnanverðan Kollafjörð undir leiðsögn Jóns Jónssonar á Kirkjubóli. Sagt frá frá hlunnindanýtingu, íbúum og fleiru fróðlegu.



Neðri-Hundadalur í Miðdölum

Miðvikudaginn 14. ágúst var sögurölt í Hundadal í Miðdölum undir leiðsögn Sigursteins Hjartarsonar bónda þar. Skoðaðir voru sögustaðir, sagt frá fyrri ábúendum og búskap á jörðinni.

Kýrhamar við Bitrufjörð

Miðvikudaginn 21. ágúst var gengið frá Skriðnesenni út með Bitrufirði að Kýrhamri undir leiðsögn Jóns Jónssonar á Kirkjubóli og sögur sagðar á leiðinni af draugum og öðrum vættum.

Gilsfjarðarbrekka í Gilsfirði

Síðasta sögurölt sumarsins var í Gilsfjarðarbrekku miðvikudaginn 28. ágúst undir leiðsögn Valdísar Einarsdóttur safnvarðar. Sagt var frá daglegu lífi í Gilsfjarðarbrekku, frá ábúendum, Steinadalsheiði, hrakningum og draugum.

Síðustu opnunardagar á Laugum

Síðustu opnunardagar Byggðasafns Dalamanna í kjallaranum á Laugum voru föstudaginn 27. desember og sunnudaginn 29. desember. Frítt var inn á safnið, húslestur og heitt á könnunni. Árið 2019 átti safnið 40 ára vígsluafmæli og 51 eitt ár liðið síðan söfnun muna hófst.

Magnús Gestsson (1909-2000) frá Ormsstöðum var frumkvöðull að stofnun safnsins. Fór um Dalina sumarið 1968 og safnaði munum. Hann gekk frá húsnæði safnsins til sýningarhalds, smíðaði sýningarkassa, dyttaði að munum og setti upp sýningar. Magnús var safnvörður frá stofnun til 1998, þá 88 ára að aldri. Magnús var sæmdur riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu 1985 fyrir störf sín í þágu Byggðasafns Dalamanna.



Annað

Þá mætti safnvörður og héraðsskjalavörður sem fyrr í spjall hjá Félagi eldri borgara í Dalabyggð og Reykhólasveit. 0

Rannsóknir og þekkingaöflun

Ekki gafst mikill tími til rannsókna og þekkingaöflunar á árinu umfram það sem tengdist skráningu muna og greiningum á óþekktum andlitum og landslagi í ljósmyndasfni. Þó er yfirleitt umtalsverð heimildaleit tengd sögustundum, sögurölti og leiðsögn um safnið, þrátt fyrir að ekki hafi verið um formlegar prentaðar útgáfur að ræða að sinni.

Ekki gafst tækifæri á að fara á Farskóla safnamanna vegna vatnsleka á safninu.



Húsnæði

Frá 1977 hefur Byggðasafn Dalamanna verið til húsa í kjallara undir kennsluálmum Laugaskóla. Núverandi húsnæði hentar starfsemi safnsins illa og fá tækifæri til þróunar. En öllu alvarlegra er yfirvofandi hætta á vatnstjóni vegna lagna, leysingavatns og nú síðast mikilla haustrigninga. Á haustmánuðum var endanlega ákveðið eftir miklar haustrigningar og vatnsflóð á safninu að nú væri nóg komið og safninu lokað á Laugum.

Því er ljóst að finna þarf framtíðarlausn á húsnæðismálum Byggðasafn Dalamanna. Gerð var þarfagreining fyrir safnið og þau atriði sem skipta mestu máli varðandi nýtt safnahús. Þar er lykilatriði er að húsnæðið uppfyllir skilyrði um langtímarvarðveislu og hafa möguleika til fjölbreyttrar starfsemi. Með þessi grundvallaratriði að leiðarljósi var farið skipulega yfir kosti og galla þeirra bygginga sem hafa komið upp í umræðunni undanfarinn áratug og einnig aðrir möguleikar. Snemma varð ljóst að ekkert félagsheimilanna (Tjarnarlundur, Staðarfell og Árblik) var nógu stórt undir starfsemi safnsins og þörf á viðbyggingu í öllum tilvikum. Skólahúsið á Staðarfelli stóð eitt eftir sem mögulegt safnahús.

Húsmæðraskólinn á Staðarfelli hýsir alla starfsemi safnsins og gott svigrúm er til þróunar og jaðarstarfsemi. Húsið er á þremur hæðum með kjallara, alls um 751 m² að stærð. Elsti hluti skólahússins var byggður 1912/1913, viðbygging og ris byggð síðar. Auk þess fylgja skólanum íbúðarhús með 2 íbúðum, íbúðarhús með 3 íbúðum og kjallara, véla- og verkfærageymsla og hjallur. Heildarstærð er um 1293 m². Helstu úrbætur á húsnæðinu tengjast aðgengi hreyfihamlaðra og brunavörnum.

Menningarmálanefnd Dalabyggðar efndi til opins hugarflugsfundar 28. nóvember til að gefa íbúum tækifæri til að koma viðhorfum sínum á framfæri.

Annað

Þó nokkur tími safnvarðar fer í að svara ýmsum erindum tengdum munum, ljósmyndum, sögu, menningu og staðhættum héraðsins, að ógleymdum misvel unnum könnunum.

Verkefni safnvarðar eru yfirdrifið nægjanleg miðað við 55% starfshlutfall og stundum vandasamt að forgangsraða þeim. Stór hluti (70-75%) vinnutíma safnvarðar er bundinn við sumaropnun safnsins og ekki er mikið fjárhagslegt svigrúm til að ráða fleiri án þess að því fylgdi tekjuauki, þ.e. styrkir, veitinga-eða minjagripasala.



Ársreikningur 2019

| Tekjur | 2018 | |
|------------------------------|---------------------|--------|
| Sveitarfélagið Dalabyggð | 4.733.948 kr | 83,1 % |
| Safnasjóður -rekstrarstyrkur | 500.000 kr | 8,8 % |
| Safnsjóður -verkefnastykir | 228.000 kr | 4,0 % |
| Aðgangseyrir | 233.500 kr | 4,1 % |
| Tekjur samtals | 5.529.689 kr | |

| Gjöld | | |
|-------------------------|---------------------|--------|
| Launakostnaður | 5.316.153 kr | 81,1 % |
| Húsaleiga | 180.000 kr | 2,7 % |
| Öryggisgæsla | 107.736 kr | 1,6 % |
| Sími, nettenging ofl. | 27.101 kr | 0,4 % |
| Sarpur | 125.308 kr | 1,9 % |
| Tryggingar | 24.123 kr | 0,4 % |
| Kynning og auglýsingar | 23.560 kr | 0,4 % |
| Fundur og námskeið | 20.000 kr | 0,3 % |
| Sérfræðipjónusta | 228.000 kr | 3,5 % |
| Varðveisla og forvarnir | 304.188 kr | 4,6 % |
| Endurbætur og viðhald | 197.904 kr | 3,0 % |
| Samtals | 6.554.073 kr | |

| Rekstrarafgangur/tap | 858.625 kr | |
|----------------------------|---------------------|--|
| Rekstrarhagnaður 2010-2018 | 4.060.321 kr | |
| Rekstartap 2019 | 858.559 kr | |
| Samtals | 4.060.321 kr | |

Ársreikningur Byggðasafns Dalamanna er hluti af bókhaldi sveitarfélagsins Dalabyggðar og endurskoðað með því